

Borgarbyggð
Sigurður Friðgeir Friðriksson
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 3. júlí 2020
UST202006-100/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Endurheimt Hítarár – Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna endurheimtar Hítarár í Borgarbyggð.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að deiliskipulagið taki til framkvæmdar sem felst í því að móta árfarveg í gegnum berghlaup á tæplega 1,8 km löngum kafla, við það endurheimtist um 7 km langur árfarvegur. Auk þess kemur fram að mótaði árfarvegurinn mun renna svo til sömu leið og áin gerði fyrir berghlaupið.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 29. maí 2019 um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í niðurstöðu stofnunarinnar kom fram að sökum eðlis, umfangs og óvissu áhrifa framkvæmda á umhverfisþætti telur Umhverfisstofnun fyrirhugaða framkvæmd umfangsmikla. Hægt er að nágast umsögnina inn á heimasíðu stofnunarinnar.

Deiliskipulag – umhverfismat

Umhverfisstofnun telur æskilegt að unnin sé umhverfisskýrsla í samræmi við 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 en þar segir:

„Við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Gera skal grein fyrir matinu og niðurstöðu þess í greinargerð deiliskipulagsins. Jafnframt skal því lýst hvernig skipulagið samræmist markmiðum skipulagsreglugerðar, sbr. 1.1. gr. og markmiðum deiliskipulags, sbr. 5.1.1. gr.

Ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.

Þegar deiliskipulag fellur undir lög um umhverfismat áætlana skal umhverfismatið gert á grundvelli þeirra laga.“

Forsendur

Í greinargerð er svæðinu lýst sem ógróinni grjótskriðu, grýttri og ósléttri.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 á ekki einungis að fjalla um umhverfisáhrif deiliskipulagstillögunnar innan skipulagsmarka, heldur einnig hver áhrif tillögunnar eru á aðliggjandi svæði eins og við á. Í greinargerð kemur fram að tímasetningar aðgerða og hönnun farvegjar miðar að því að lágmarka umhverfisáhrif neðar í ánni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvert sé núverandi ástand vistkerfisins í straumvötnunum Tálma og í Hítará fyrir neðan framkvæmdasvæðið til þess að hægt sé að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Mikilvægt er að fram komi í tillögunni upplýsingar um ástand vatnshlotsins fyrir neðan framkvæmdasvæðið, en ekki sé fjallað um í greinargerð þá gæðapætti sem byggja upp mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlots, t.d. hryggleysingar, vatnagróður og fiskar.

Hægt er að sjá umhverfismarkmið og gæðapætti vatnshlota á heimasíðu Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/USTskyrsla.pdf>

Með þeim grunnforsendum væri hægt að meta verndargildi núverandi ástands, hægt að leggja til vöktunaráætlun í framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og áætlun um mótvægisáðgerðir ef vöktun sýnir fram á að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á núverandi ástand straumvatnanna.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir með stoð í lögum nr. 36/2011, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar sem hér um ræðir hefur vatnshlotsnúmerið 104-218-R (Hítará) og 104-430-R (Tálmi/Stekká) undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi fram í tillögnum hver áhrif framkvæmdanna mun hafa á lífríki núverandi ástands, þ.e. lónið, Tálma og þann árfarveg sem myndaðist eftir að skriðan féll. Auk þess er mikilvægt að það komi fram í tillögnum hver áhrif framkvæmdarinnar er á lífríki Hítarár neðar í ánni vegna skolunar á jarðefnum og vegna gruggmyndunar úr manngerða árfarveginum. Að mati Umhverfisstofnunar getur framkvæmdin haft neikvæð áhrif á vistkerfi straumvatnanna skv. núverandi ástandi.

Markmið laga nr. 36/011 um stjórn vatnamála er að öll vatnshlot séu í mjög góðu eða góðu ástandi og má ástand þeirra ekki rýrna þannig að þau falli niður um flokk. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett séu ákvæði í framkvæmdaleyfi sem uppfylla markmið laga um stjórn vatnamála. Stofnunin telur að setja þurfi fram útfærslu og áform um vöktun á áhrifum framkvæmdarinnar á gæðapætti vatnshlotanna Hítarár og Tálma

Umhverfisstofnun bendir á að ef ástand vatnshlotanna rýrnar er mikilvægt að farið sé í mótvægisáðgerðir til þess að vatnshlotið uppfylli markmið laga um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Ásýnd

Í greinargerð kemur fram að landmótun tekur mið af núverandi landslagi. Í greinargerð kemur ekki fram hver áhrif skurðgraftar gegnum skriðuna verða, en áhrif skurðgraftar þvert í gegnum skriðuna getur haft neikvæð áhrif á jarðmyndunina að mati stofnunarinnar.

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á öröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að landmótun falli vel að svipmóti og einkennum lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falli að umhverfi sínu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Vegir í náttúru Íslands

Í greinargerð kemur fram að gerður verður vegslóði meðfram mótaða árfarveginum sem bæði nýtist sem aðkomuvegur vegna framkvæmdarinnar og veiðimönnum og annarri umferð um dalinn að framkvæmdinni lokinni. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands

Þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.


Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.


Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun hefur gefið út leiðbeiningarit um gerð vegaskrár fyrir vegi í náttúru Íslands: https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu_islands/vegirinatturuislands_v4.pdf.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri